

Goðsögnin um blessun hagvaxtarins

Efnahagsmál

Þröstur
Ólafsson
hagfræðingur



Við heyrum mikil ramakveini í samtökum atvinnulífs og verkalyðs, svo ekki sé minnst á Morgunblaðið, yfir hægum hagvexti í landinu. Hjól atvinnulífsins, eins og það heitir nú um stund, þurfi bæði að vera fleiri og snúast mun hraðar. Þeir sem ekki taka undir ákallið um hraðari hagvöxt, eru settir í skamm-arkrókinn og í þá er hreytt ónotum og hnjóðsyrðum. Ef mótmælt er lagningu háspennulínu eða byggingu vegar yfir skóglendi svo ekki sé talað um stórvirkjun með tilheyrandi stíflu, þá eru þeir sömu sagðir á móti hagvexti, haldi niðri atvinnu og hindri framfarir í landinu. Man nokkur lengur eftir meðferðinni á þeim fáu sem vöruðu við ofpenslu og hrúni?

Hagvöxtur og framfarir

Er það svo, að hagvöxtur sé ennþá lykilla framfara og hvað meina menn með framförum? Hugtakið framfarir var tekið í notkun á nítjándu öld og þýddi að hlutirnir gengu hraðar fyrir sig, hærra og eitthvað áfram. Á tuttugustu öldinni voru framfarir settar að jöfnu við meiri steinsteypu, stál og fleiri bíla. Velferð fyrir alla þýddi, meira af öllu slíku. Tuttugasta öldin er rík af pólitískum hugmyndakerfum sem komu og fóru, en kallið eftir framförum með hagvexti stóð óhaggað. Hinn afar mikli félagslegi og efnahagslegi árangur Vesturlanda sýndi að fyrir þessu var fótur. Aukinn hagvöxtur var svarið.

Svo vel grópaðist þetta inn í hugmyndaheim okkar að það breytti mælikvarðanum á velgengni þjóða. Frá því fyrir miðja síðustu öld hefur enginn annar mælikvarði en hækkun þjóðarframleiðslu verið notaður til að mæla efnahagsárangur. Er meiri stálnotkun, fleiri rúmmetrar af steypu og fleiri áldósir mælikvarði á árangur mannlegrar við-

leitni til lífsfyllingar. Hefur ótvíráður efnahagslegur árangurinn leitt okkur á villigötur og ruglað okkur í ríminu? Hækkun þjóðarframleiðslu getur aldrei verið takmark í sjálfu sér, ekki frekar en það, að tilgangur trúarbragða sé að lifa eftir einhverri trúarsetningu. Hér ruglum við saman tilgangi og meðali.

Hagvöxtur fyrir hverja?

Hugtakið þjóðarframleiðsla er í besta falli vafasamt til að mæla efnahagslegar framfarir, hvað þá framfarir sem slíkar. Á síðustu tveimur áratugum höfum fylgst með þjóðum sem sýnt hafa öflugan hagvöxt um árabíl um leið og lífskjör almennings, svo ekki sé talað um þá lægt settu, hafa farið versnandi. Þetta hefur verið hagvöxtur fyrir hina fáu.

ugrar þjóðar vísar ekki veginn til „framfara“ heldur gerir illt verra. Minnkandi hagvexti þarf að mæta með meiri jöfnuði og minni neyslu.

Allt hefur sinn tíma

En við vorum að ræða mælikvarðann fyrir framfarir. Hvað með framfarir á sviði menningar, mannréttinda, réttinda kvenna, umbóta í umhverfismálum o.s.frv.? Eru þetta ekki framfarir? Auðvitað er aukning matvælaframleiðslu góð, þegar fólk er hungrað, en verður að sorpúrangi, ef allir hafa nóg að borða. Það er margt mikilvægara í mannlegu lífi en heimta meira af efnalegum gæðum a.m.k. á flestum Vesturlöndum.

Þar þarf hins vegar að skipta gæðunum öðruvísi og hætta að



Er meiri stálnotkun, fleiri rúmmetrar af steypu og fleiri áldósir mælikvarði á árangur mannlegrar viðleitni til lífsfyllingar? Hefur ótvíráður efnahagslegur árangurinn leitt okkur á villigötur og ruglað okkur í ríminu?

Bandaríkin eru gott dæmi um þetta, en alls ekki það eina. Forystumenn hagsmunasamtaka þar hrópa hávært eftir meiri hagvexti í nafni atvinnusköpunar. Og það sem verra er, þeir vilja að skattþeningar almennings verði notaðir til að knýja áfram hagvöxt fyrir þá fáu. Grikkland hafði öfundsverðar hagvaxtartölur um árabíl. Það var hagvöxtur sem var reistur á erlendri lántöku til að halda uppi neyslustigi, sem landið gat sjálft ekki staðið undir.

Á áratug útrásarstríðsins var dæmafár hagvöxtur á Íslandi allur greiddur með ránsfeng. Alla þá fjármuni sem íslenska ríkisstjórnin setur nú í hagvaxtaraðgangandi framkvæmdir þarf að taka að láni, því ríkissjóður er enn rekinn með umtalsverðum halla. Þegar maður hlustar á málflutning hagsmunasamtakanna gæti maður haldið að nógir peningar liggi ónotaðir í ríkissjóði. Aukin skuldsetning mjög skuld-

skilgreina framfarir sem magn – meira af – heldur sem gæði – betra. Framleiðsla á bíl sem eyðir minna og mengar minna er framför. Hraðbraut á brú yfir Mývatn myndi eflaust stytta vegalengdir, og skaffa tímabundna atvinnu, en jafnframt eyða ró, spilla náttúrufegurð og skemma samfélag. Þessi framkvæmd myndi traðla teljast til framfara, þótt hún yki hagvöxt. Þessar vangaveltur jafngilda ekki því að loka eigi öllum steypustöðvum og hætta að framleiða ál. Þær segja hins vegar að allt hafi sinn tíma. Sá skilningur sem við lögðum í hugtakið framfarir um miðja tuttugustu öld eru tímasekkja nú. 21. öldin verður óhjákvæmilega öld efnalegrar nægjusemi, því flestir í okkar heimshluta hafa nóg af efnalegum gæðum. Þegar flestar auðlindir eru fullnýttar tekur mannvitið við, framleiðir af hugviti og deilir jafnar auðæfum og atvinnu.